

VERKSAMNINGUR

VERKSAMNINGUR NR. _____

1. gr.

Við undirritaðir: _____ kennitala: _____

heimilisfang: _____ hér eftir nefndur

verkkaupi og _____ kennitala: _____

heimilisfang: _____ hér eftir nefndur

verktaki gerum með okkur eftirfarandi VERKSAMNING.

2. gr.

Verktaki tekur að sér að:

Verkið skal unnið með viðurkenndum efnum og í samræmi við góðar hefðir, gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma.

3. gr.

Eftirfarandi gögn eru hluti af samningnum:

1. Útboðsgögn og verklýsing dags. _____

2. Teikningar _____

3. Tilboð verktaka dags. _____ ásamt útfylltri tilboðsskrá.

4. Íslenskur staðall, ÍST 30:2012 (fæst hjá Staðlaráði).

5. Framlögð verkáætlun.

4. gr.

Verkkaupi tilnefnir eftirlitsaðila meðan á verkinu stendur.

Eftirlitsaðili er: _____

5. gr.

Fyrir verkið greiðir verkkaupi verktaka kr. _____

Innifalið í samningsverðinu er:

Allur efniskostnaður, kostnaður við vinnu, vélar, áhöld, vinnuástöðu, tryggingar, flutninga, o.s.frv. svo og öll þau lög og samningsbundin gjöld sem leiða af því að hafa menn og tæki í vinnu og selja efni og vinnu, þ.m.t. virðisaukaskatt.

6. gr.

Verktaki getur lagt fram reikninga fyrir verkið á _____ vikna fresti. Samþykki verkkaupi/eftirlitsmaður reikninga verða þeir greiddir innan _____ vikna frá framlagningu.

Verkkaupa er heimilt að halda eftir 5% af hverjum reikningi sem geymslufé meðan á verkframkvæmdum stendur og verður geymslufé þetta greitt verktaka _____ vikum eftir að lokaúttekt hefur farið fram og verktaki telst hafa fullnægt skyldum sínum samkvæmt samningi þessum.

Geymsluféð er verðtryggt með sama hætti og aðrar greiðslur skv. verksamningi.

Ákvæði greinarinnar um geymslufé eiga ekki við ef aðilar leggja fram framkvæmdatryggingu skv. 7. gr. samnings þessa.

7. gr.

Til tryggingar því að aðilar standi við skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, er hvorum um sig heimilt að krefjast framkvæmdatryggingar (fæst í banka eða hjá tryggingafélagi). Upphæð framkvæmdatryggingar skal vera 15% af samningsfjárhæð. Í tryggingarskjalinu skulu greind skilyrði þess að samningsaðilar geti leyst tryggingarféð til sín.

8. gr.

Verktaki skal vinna þau breytinga- og/eða aukaverk sem verkkaupi/eftirlitsmaður óskar eftir, enda sé verktaka það mögulegt vegna annarra verka sem hann kann að hafa tekið að sér. Verkkaupi skal greiða verktaka allan kostnað sem af þessum breytinga- og/eða aukaverkum leiðir. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar.

Með breytinga- og/eða aukaverkum er átt við verkliði sem ekki eru tilgreindir í magntöluskrá.

Ef ófyrirséðar breytingar verða á verkinu, s.s. breytingar á magntölum, skal verktaki tafarlaust tilkynna verkkaupa/eftirlitsmanni um þær breytingar.

Verkfundir skulu haldnir á _____ daga/vikna fresti. Verkfundi skulu sitja einn fulltrúi verkkaupa, einn frá verktaka og eftirlitsmaður.

9. gr.

Verktaki skuldbindur sig til að hefja verkið _____ og ljúka því eigi síðar en _____
Dragist verklok fram yfir tilsettan tíma, af ástæðum sem varða verktakann er
verkkaupa heimilt að krefjast dagsekta sem nema kr. _____ fyrir hvern almanaksdag sem
verkið dregst umfram umsamin verklok.

Á verkstað skal verktaki rita dagbók í þrítíu þar sem skráð er framvinda og atriði sem geta haft áhrif
á framvindu og gæði. Verkkaupi skal minnst vikulega fá afhend afrit eða samantekt úr dagbókinni í
formi vikuskýrslu.

10. gr.

Verktaki skal vera ábyrgðartryggður fyrir því tjóni sem hann eða starfsmenn hans kunna að valda
verkkaupa eða öðrum meðan á verkinu stendur og getur verkkaupi óskað eftir upplýsingum um
trygginguna.

11. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn samningsaðila.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir héraðsdómi _____

12. gr.

Annað sem aðilar vilja taka fram:

Staður _____ Dags. _____

Verktaki:

Verkkaupi:

Vitundarvottar að rétri dagsetningu og undirskriftum aðila.

_____ kt. _____
_____ kt. _____